



Vegna fyrirhugaðra viðskipta þinna við KPMG í tengslum við skil á skattframtali einstaklings

Kæri viðskiptavinur,

Með vísan til laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ber KPMG að þekkja viðskiptavini sína og afla m.a. upplýsing um uppruna fjármagns.

Við viljum því biðja þig annars vegar um að fylla út meðfylgjandi form og hins vegar kynna þér og eftir atvikum samþykkja eftirfarandi skjal vegna fyrirhugaðrar þjónustu um skil á skattframtali einstaklinga.

Ekki hika við að hafa sambandi við tengilið þinn hjá KPMG ef spurningar vakna.

Með fyrirfram þökkum,

KPMG

Áreiðanleikakönnun

Með vísan í lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ber KPMG að þekkja viðskiptavinum sína og afla m.a. upplýsinga um uppruna fjármagns. Annars vegar þarf að fylla út áreiðanleikakönnun og hins vegar fylgir með skjal vegna fyrirhugaðrar þjónustu.

Persónuupplýsingar	
Fornafn:	
Millinafn:	
Eftirnafn:	
Þjóðerni:	
Heimilisfang:	
Bæjarfélag:	
Kennitala:	
Símanúmer:	
Netfang:	

Spurning 1 af 6 – Er aðsetur þitt það sama og lögheimili? (Merktu með „X“)	
Já:	
Nei:	

Spurning 2 af 6 – Í hvaða starfsemi/rekstri starfar þú? (Merktu með „X“)	
Er launþegi og ekki í sjálfstæðum rekstri:	
Lögmaður:	
Endurskoðandi:	
Bókari:	
Fasteignasali eða fasteignaviðskipti:	
Bífreiðaumboð, bífreiðasali og ökutækjaviðskipti:	
Skartgripa- og gullsali eða seljandi eðalmálma- og steina:	
Listmunasali- og miðlari eða aðili að markaði með listmuni.	
Annað (stutt útskýring):	

Spurning 3 of 6 – Tilgreindu uppruna þeirra fjármuna sem notaðir verða til viðskipta við KPMG (velja má fleiri en einn valmöguleika með „X“).	
Laun:	

Fjármagnstekjur:	
Arður:	
Rekstrartekjur:	
Lánsfé:	
Annað (stutt útskýring):	

Spurning 4 af 6 – staðfestir þú að uppruni fjármuna þinna stafi ekki frá ólögmætu athæfi? (Merktu með „X“)	
Já:	
Nei:	

Spurning 5 af 6 - Átt þú í viðskiptum við ríki sem falla undir skilgreiningar um áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki sem FATF og Evrópusambandið hafa tilgreint sem slík? Sjá má lista yfir slík ríki á vef Skattsins. (Merktu með „X“)	
Já:	
Nei:	
Ef já, tilgreindu ríkið og lýstu eðli viðskiptanna:	

Spurning 6 af 6 - Ert þú í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla? (Merktu með „X“)	
Til einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla teljast þeir einstaklingar, innlendir og erlendir, sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og nánum samstarfsmönnum. Lista yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa má finna á heimasíðu FME.	
Já:	
Nei:	

Til upplýsinga: Til þess að ljúka áreiðanleikakönnun og uppfylla skilyrði laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ber KPMG einnig að afla auðkenningar á viðskiptamanni. Því þarft þú senda ljósrít af ríkisútgefnu skilríki (vegabréfi eða ökuskírteini) til tengiliðs þíns hjá KPMG. Verði ökuskírteini fyrir valinu þarf ljósrít af báðum hliðum þess að fylgja.

Boð um þjónustu KPMG vegna skattframtalsaðstoðar við einstaklinga

Nafn viðskiptavinar (hér eftir í komandi skjali kallaður „framteljandi“):	
Kennitala viðskiptavinar:	
Heimilisfang viðskiptavinar:	

Boð þetta um þjónustu við skattframtalsaðstoð er sent frá KPMG ehf., kt. 590975-0449, hér eftir nefnt „KPMG“ til framteljanda eins og hann hefur verið skilgreindur að ofan. Með undirritun sinni á boð þetta telst framteljandi hafa samþykkt boðið með þeim skilmálum sem fram koma í því.

KPMG mun aðstoða við gerð skattframtals framteljanda, og eftir atvikum samskattaðs maka, í samræmi við óskir hans. Framteljandi ber ábyrgð á að afla nauðsynlegs samþykkis maka og upplýsa viðkomandi um skilmála skjalsins. Framteljandi ber að koma öllum viðeigandi upplýsingum og gögnum tímanlega til KPMG svo unnt sé að útbúa skattframtalið. Með undirritun á skjali þetta staðfestir framteljandi að framtaldar tekjur, eignir og aðrar upplýsingar á skattframtali verða gefnar eftir bestu vitund. **Framteljandi gerir sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á að upplýsingar í framtalinu séu réttar og fullnægjandi og jafnframt á greiðslu skatta.** KPMG mun bera skattframtalið undir framteljanda til staðfestingar áður en það er sent til skattfyrivalda. Í staðfestingu framteljanda felst að KPMG er veitt heimild til að skila skattframtalinu fyrir hönd framteljanda til Skattsins.

Allar fyrirspurnir, áætlanir og álögur sem skattfyrirvöld senda framteljanda og kalla á þjónustu KPMG skulu berast KPMG tímanlega. Samkvæmt lögum ber framteljandi ábyrgð á vörslu allra gagna er varða skattamál hans. Ófullnægjandi eða röng upplýsingagjöf á skattframtali getur haft í för með sér álagsbeitingu eða refsingu.

KPMG mun útbúa skattframtalið í samræmi við lög og leiðbeiningar skattfyrivalda, byggt á upplýsingum og gögnum frá framteljanda svo fljótt sem hægt er eftir að viðeigandi upplýsingum og gögnum hefur verið skilað til KPMG. Lokaskiladagur fagaðila vegna einstaklingsframtala er almennt 15. apríl. KPMG mun einnig svara fyrirspurnum skattfyrivalda vegna skattframtals framteljanda ef hann óskar eftir því, svo fljótt sem hægt er.

KPMG mun meðhöndla allar upplýsingar framteljanda sem trúnaðarupplýsingar og mun einungis afhenda slíkar upplýsingar þeim starfsmönnum KPMG sem sinna þjónustu fyrir framteljanda sem skilgreind er í skjali þessu eða í tengslum við venjubundið gæðaeftirlit. KPMG er heimilt að nota og veita trúnaðarupplýsingar eftir því sem þörf krefur til annarra KPMG-aðila í því skyni að framkvæma innri áhættuathuganir á framteljanda og verkefni, s.s. í tengslum við mögulega hagsmunaárekstra.

Verkefnið verður unnið af sérfræðingum KPMG eða KPMG Law ehf., kt. 550217-1040, eftir þörfum. Með „KPMG“ í skjali þessu er einnig átt við KPMG Law ehf.

KPMG hlítir lögum og reglum um vernd gagna og persónuupplýsinga. Með undirritun skjals þessa staðfestir framteljandi að honum sé kunnugt um að til þess að geta uppfyllt skuldbindingar sínar sé KPMG nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar í samræmi við lög og reglur. Í tengslum við þjónustu við framteljanda samkvæmt skjali þessu mun KPMG vinna með upplýsingar um nöfn, kennitölur, heimilisföng og bankaupplýsingar framteljanda og eftir atvikum tengdra aðila, auk annarra upplýsinga sem kunna að vera nauðsynlegar vegna verkefnisins.

KPMG er heimilt að nýta upplýsingar um framteljanda og verkefni til að uppfæra samskiptaskrár KPMG í þeim tilgangi að auðvelda samskipti við framteljanda.

Á heimasíðu KPMG er að finna skilmála vegna vinnslu persónuupplýsinga, almenna viðskiptaskilmála KPMG og aðra skilmála, sem framteljandi staðfestir með undirritun á skjali þetta að hafa kynnt sér og sem gilda um samninginn sem kemst á með undirritun framteljanda á skjalið.

KPMG er tilkynningaskyldur aðili á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Með undirritun skjals þessa staðfestir framteljandi að tilgangur með kaupum á þjónustu KPMG sem og fjármögnun hennar, brjóti ekki gegn framangreindum lögum eða öðrum lögum eða reglugerðum sem settar hafa verið á sama grundvelli.

Þóknun fyrir framtalsgerð fer eftir gildandi verðskrá KPMG hverju sinni. Viðmiðunarverðskrá vegna framtalsgerðar er birt á www.kpmg.is. Tímagjald starfsmanna tekur mið af reynslu þeirra, menntun og hæfni. Reikningar eru sendir eftir því sem verkinu miðar áfram.

Berist KPMG beiðni um gögn eða upplýsingar frá opinberum aðilum eða í tengslum við væntanlegt eða yfirstandandi dómsmál sem tengist verkefninu og KPMG er ekki aðili þess máls, greiðir verkkaupi KPMG kostnað sem hlýst af viðbótarvinnu KPMG samkvæmt tímagjaldi.

Ábyrgð KPMG takmarkast við fjárhæð sem nemur tvöfaldri þóknun sem greiða ber fyrir þá þjónustu sem skjal þetta tekur til.

Samningur sem kemst á milli aðila við undirritun skjals þessa gildir þar til annar aðilinn segir honum upp. Hvor aðili getur hvenær sem er sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu til hins aðilans með 30 daga fyrirvara. Uppsögn hefur ekki áhrif á nein réttindi sem annar hvor aðili kann að hafa öðlast áður en uppsögnin á sér stað, og öll sú þóknun sem greiða ber KPMG skal að fullu verða gjaldkræf þegar uppsögn kemur til framkvæmdar.

Skilmálar samningsins koma fram í honum sjálfum og skulu allar breytingar á honum gerðar skriflega. Um samning þennan gilda íslensk lög og skal reka ágreining vegna hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur náist ekki samkomulag milli aðila.

Undirritun viðskiptamanns

Dagsetning